

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 15. tbl. 5. árg. 21. október. 2011

Myndir augnabliksins eru frá Pálmholti. Hér má sjá börnin taka upp úr matjurtagarðinum sínum.



## Leiðrétt frétt um heimsókn forseta Íslands til Akureyrar.

Forvarnardagurinn 5. október er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson heimsækir 2-4 skóla á þessum degi á hverju ári. Auk Giljaskóla heimsótti hann Lundarskóla og báða framhaldsskólana sem taka þátt í verkefnum í fyrsta sinn. Forsetanum fylgdu fleiri góðir gestir: Dorrit Moussaieff forsetafrú, Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri, Gunnar Gíslason fræðslustjóri, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ, Viðar Sigurjónsson sviðsstjóri ÍSÍ og Sigfús Ólafur Helgason formaður Íþróttafélagsins Þórs.

Ólafur Ragnar ávarpaði nemendur og sagði þeim frá hugmyndinni að baki Forvarnardegnum og þeim rannsóknum sem að baki liggja og ráða því hvaða þemu eru til umræðu. Síðan gengu gestir um og forsetahjónin heilsuðu hverjum einasta nemanda með handabandi og einhverjir létu mynda sig með þeim. Gestirnir fylgdust með vinnu nemenda og spjölluðu við þá. Unnið var með þrjú þemu.

Meiri fróðleik um Forvarnardaginn er að finna hér: <http://forvarnardagur.is/>  
Myndirnar með greininni eru frá Giljaskóla.



## Frá ritstjóra.

Gaman væri að fá að vita af þróunarverkefnum sem eru í gangi og einnig að fá fréttir úr skólastarfinu. Jafnframt vill ritstjóri þakka ábendingar varðandi stafsetningavillur í blaðinu og hefur verið tekið á þeim málum af mikilli festu. Betur má ef duga skal.

## Úr fundargerð Samtaka, Svæðisráðs foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrar.

Mættir fulltrúar foreldra: Sigrún I Jóhannsdóttir frá Síðuskóla, Hafdís Bjarnadóttir frá Brekkuskóla, Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir frá Brekkuskóla, Ragnhildur Hjartardóttir frá Giljaskóla, Sigríður Ingólfssdóttir frá Naustaskóla og Vilborg Þórarinsdóttir frá Lundarskóla sem jafnframt ritaði fundargerð.

Á fundi hópsins sem haldinn var 4. október sl. ræddu fundarmenn m.a. mikilvægi forvarnastarfs, fræðslu til ungmenna og stöðu foreldrarólts. Fulltrúar á fundinum upplýstu um að Aflið og Jafnréttisstofa séu að fara inn í skóla þessa dagana með fræðslu fyrir unglina í 7. til 10. bekk á Akureyri. Einnig voru mótuneytismál í skólum rædd en þar standa yfir ýmsar breytingar t.d. átakið „heilsueflandi skóli“ í Lundarskóla. Sameiginlegur matseðill virðist vera í uppsiglingu m.a. til hagræðingar í rekstri mótuneyta og telja fulltrúar eðlilegt að hagræða eins og kostur er í rekstri mótuneyta skóla og leikskóla. Ávaxtaáskrift í skólum virðist víðast hvar mælast vel fyrir.

Fulltrúi lýsti áhyggjum sínum af aukinni fíkniefnaneyslu unglina og þá einna helst á „grasi“. Þyrfti að skoða betur hvað hægt sé að gera til að sporna við þessari þróun. Ákveðið var á fundinum að ræða þessar áhyggjur við forvarnarfulltrúa. Eins ræddu fulltrúar um aukningu í notkun munntóbaks og leiðir til að sporna við henni. Fulltrúum Brekkuskóla var falið að kanna möguleika á að fá fyrirlesara til að bjóða unglingum í grunnskólum fræðslu til upplýsinga og forvarna. Slíkur fyrirlestur til unglina gæti t.d. verið í boði foreldrafélags hvers skóla. Fulltrúar ræddu einnig áhyggjur sínar af almennu áhugaleysi foreldra. Sjá nánar á heimasíðu Samtaka: <http://samtaka.net/>

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Skólafest Akureyrarbæjar.

Á næstu vikum munu birtast hér áherslur úr skólafestu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

### Viðmið um gæði

#### Tilgangur og skipulag.

**Markmið:** Skólar Akureyrarbæjar skipuleggi starf sitt með þátttöku og hagsmuni nemenda og foreldra í huga. Lögð sé rík áhersla jafnt á bókvit, verkvit og siðvit og námið lagað að getu og þörfum hvers nemenda.

#### Í góðum skóla...

- eru áherslur í skólastarfi reglulega ræddar í samskiptum kennara, foreldra og nemenda og sammæli náð um meginviðmið.
- er mótuð stefna um heimanám og hún kynnt foreldrum, kennurum og nemendum.
- er hlúð að starfi foreldraráðs og þess gætt að það hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum sem því eru nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu.
- er sjálfsmat markvisst nýtt til umbóta og þróunar á starfi.
- er námsframboð við allra hæfi og námshraði í samræmi við þroska, líðan og getu hvers nemenda.
- er lögð áhersla á ánægju og árangur.
- er gerð eineltisáætlun sem kveður á um forvarnir og viðbrögð gegn einelti.

## **Kynning á Grímseyjarskóla.**

Skólinn er leik- og grunnskóli. Í leikskólanum eru 3 nemendur og í grunnskólanum eru 13 nemendur í 1.-8. bekk. Við skólann starfa 5 starfsmenn.

### **Kennslufyrirkomulag**

Nemendum er skipt í þrjár deildir:

Leikskóladeild fyrir nemendur á leikskólaaldri

Yngri deild fyrir nemendur í 1.-4. bekk

Eldri deild fyrir nemendur í 5.-8. bekk

Samkennsla er í grunnskóladeildum í íþróttum, heimilisfræði, handmennt, myndmennt, textílmenn og leiklist. Auk þess eru nokkrar stundir á viku þar sem allir grunnskólanemendur eru í samkennslu í bóklegum fögum. Vegna samkennslu er skipulag samkennslufaga í skólanámskrá gert til 4 ára í einu. Mikil áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám og auðvelt er að ná þeim markmiðum vegna smáðar skólans.

Á hverju ári eru unnin þemaverkefni þar sem lögð er áhersla á umhverfið og eyjuna. Í þessum verkefnum vinna allir nemendur skólans saman.

### **Áherslur**

Mikil áhersla er lögð á félagslega færni í skólastarfinu. Smæð skólans gerir það að mörgu leyti auðveldara þar sem börnin eru von því að umgangast daglega fólk á öllum aldri og þurfa gjarnan að finna sér leikfélaga á öðrum aldri og af hinu kyninu.

Skólinn leggur mikla rækt við að þjálfva börnin í jákvæðum samskiptum og að bera virðingu hvort fyrir öðru.

### **Húsnæði**

Grímseyjarskóli hefur yfir góðu húsnæði að ráða. Stórar kennslustofur, gott eldhús og góður salur. Skortur er þó á skrifstofuáðstöðu/vinnuáðstöðu kennara og íþróttasal. Mjög góð sundlaug er í eygni fyrir sundkennslu.

### **Ýmsar hefðir hafa myndast við skólann**

Ár hvert gefa nemendur út skólablaðið Haftyrdil. Sjá þau sjálf um alla vinnu við blaðið og sölu þess.

Einu sinni á ári er haldið spennandi kökuuppboð.

Fiske dagurinn er haldinn hátíðlegur ár hvert og þá syngja grunnskólabörnin fyrir eyjarskeggja og leika leikrit.

Grímseyjarhlaup er haldið ár hvert.

Skákmót er haldið á hverju ári.

Hver skóladagur hefst á morgunstud þar sem nemendur syngja saman nokkur lög.

Heimasíða Grímseyjarskóla er <http://gsgrimsey.akureyri.is/>

### Myndir frá Grímseyjarskóla.



### Nýr vefur um aðgerðir í eineltismálum.

Á vefnum er að finna ýmsar hjálplegar upplýsingar er varða forvarnir og úrvinnslu eineltismála.

Hægt er að fá leiðbeiningar um gerð viðbragðsáætlunar ef upp koma eineltismál eða kvartanir um kynferðislega áreitni í skólum og vinnustöðum í íþróttá- æskulýðs- og félagsstarfi.

Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur sér um vefinn en hún var verkefnastjóri í aðgerðum gegn einelti og setti vefinn upp til að mæta þörfum skóla og íþróttahreyfinga. Sjá nánar á <http://www.kolbrunbaldurs.is/>